

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Borgartún 21,
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2022
Tilvísun: OS2022090043/10.0
Verknúmer: 4353410

Efni: Kröfur til raforkumæla í hleðslustöðvum

Raforkueftirlit Orkustofnunar vísar til fundar með starfsmönnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem haldinn var dags. 19. október sl. Tilfni fundarins var að ræða kröfur til mælubúnaðar og mælinga í hleðslustöðvum eða rafföngum í kjölfar umræðu sem skapast hefur á markaði um þær kröfur.

1. Upphaf málsins og málavextir

Upphaf máls þessa er að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitaði álits Orkustofnunar á kröfum til mælubúnaðar raffanga.¹ Í svarbréfi Orkustofnunar dags. 16. maí sl., kemur fram að samkvæmt 8. gr. reglugerða nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar getur þjónustuveitandi raforku innheimt gjald fyrir raforkunotkun með föstu gjaldi fyrir nýtingu aðstöðu sinnar, eða tekið fast gjald fyrir aðstöðu og breytilegt gjald í samræmi við raforkunotkun. Enn fremur segir í 18. gr. reglugerðarinnar að mælíbúnaður, sem notaður er til uppgjors raforku skal hannaður, framleiddur og gæðaprófaður í samræmi við gildandi íslenska, evrópska og/eða alþjóðlega staðla í þessari röð. Undir þetta falla allir gerðir raforkumæla, straumspenna og spennuspenna. Allir raforkumælar sem falla undir þessa reglugerð skulu hafa gerðarviðurkenningu skv. reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum nr. 1061/2008 með síðari breytingum.

Á þessum forsendum byggði raforkueftirlit Orkustofnunar afstöðu sína sem fram kom í fyrrgreindu svari stofnunarinnar dags. 16. maí sl. um að þegar sala raforku í hleðslustöðvum byggir á seldu magni, skuli mælubúnaðurinn fylgja ákvæðum reglugerðarinnar um eiginleika mælíbúnaðarins og þá hafa gerðarviðurkenningu skv. reglugerð 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum.

Orka Náttúrunnar (ON) hefur síðar bent á að ákveðin óvissa sé til staðar í regluverkinu hvað þetta varðar þar sem gildissvið reglugerðar nr. 1061/2008 nái aðeins til raforkumæla sem séu solumælar í dreifiveitu², sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Það er því afstaða ON að mælafræðilegt eftirlit með raforkumælum skv. umræddri reglugerð nái ekki til mæla sem séu reknir af öðrum en dreifiveitum og þ.a.l. ekki til mæla á hleðslustöðvum ON sem mæla úttekt á raforku fyrir hleðslu á farartækjum.

¹ Bréf Orkustofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi fyrirspurn um kröfur til mæla á hleðslustöðvum dags. 16. maí 2022.

² Sbr. Bréf ON til Orkustofnunar dags. 16. september 2022.

2. Álit Orkustofnunar

Orkustofnun bendir á að reglugerð 1061/2008 hefur ekki verið uppfærð til samræmis við hvorki lagabreytingar um framkvæmd eftirlitsins né tækniþróun síðustu ára. Þannig er það til að mynda ekki lengur hlutverk Neytendastofu að fara með framkvæmd eftirlits með mælitækjum skv. reglugerðinni, heldur er það hlutverk Húsnæðis – og mannvirkjastofnunar, sem hvergi er vísað til í umræddri reglugerð.

Gildissvið reglugerðar nr. 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum nær til raforkumæla sem eru sölumælar í dreifiveitu fyrir raunorku til almennra notenda í lágspennu dreifikerfi og um frádráttarmæla til sömu nota. Nánar tiltekið er skýrt af 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar að aðeins er gerð krafa um að þeir mælar sem sérstaklega falla undir gildissvið reglugerðarinnar og taldir eru upp, skuli uppfylla kröfur reglugerðarinnar og sæta því mælifræðilega eftirliti sem kveðið er á um í reglugerðinni. Liggur því ljóst fyrir að þær kröfur sem gerðar eru til raforkumæla og mælibúnaðar sem notaður er til uppgjors raforku, í samræmi 18. gr. reglugerðar um raforkuviðskipti og mælingar, gilda ekki þegar um er að ræða mælibúnað raffanga sem ekki eru skilgreindir sem sölumælar í dreifiveitu og verða ekki uppfylltar með vísan til reglugerðar um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum nr. 1061/2008.

Hins vegar er ljóst að reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar, sem gildir m.a. um þjónustuveitendur raforku sem starfsrækja hleðslustöðvar, kveður skýrlega á um það í 18. gr. að mælibúnaður sem notaður er til uppgjors raforku skuli hannaður, framleiddur og gæðaprófaður í samræmi við gildandi íslenska, evrópska og/eða alþjóðlega staðla, í þessari röð. Undir þetta falla allar gerðir raforkumæla, straumspenna og spennubreyta. Segir þar enn fremur að allir raforkumælar sem falla undir reglugerðina skulu hafa gerðarviðurkenningu skv. reglugerð nr. 1061/2008.

Í tilvikum sem þessum, þegar tvær reglugerðir rekast á að þessu leyti koma til skoðunar almenn lögskýringarsjónarmið. Að mati Orkustofnunar má horfa á eðli málsins og líta til þeirra staðreynda að, annars vegar, er ljóst að reglugerð 1061/2008 þarf augljóslega að endurskoða og hins vegar, að reglugerð 1150/2019 er yngri og því rétt að hún gangi fyrir. Má leiða líkum að því að vilji ráðuneytisins hafi ekki staðið til þess að takmarka kröfuna um gerðarviðurkenningu skv. ákvæðinu við sölumæla í dreifiveitu einvörðungu. Ef svo hefði verið, hefði tæplega verið tiltekið að ákvæðið taki til allra raforkumæla.

Neytendaverndarsjónarmið standa auk þess til þess að tryggt sé að mælar á hleðslustöðvum séu gæðaprófaðir í samræmi við þá staðla sem í gildi eru. Ef um er að ræða verulega íþyngjandi kröfur á hendur þjónustuaðilum hleðslustöðva má vel vera að hægt sé að tryggja hagsmuni neytenda með vægari úrræðum þar til lagaumgjörðin hefur verið endurskoðuð og þjónustuveitendum þannig gefinn tími til þess að setja í framkvæmd nauðsynlegar endurbætur á umræddum mælibúnaði.

Raforkueftirlit Orkustofnunar mun leggja til við Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið að sett verði í forgang endurskoðun á því regluverki sem gildir um mælingar í raforkuviðskiptum og mælifræðilegu eftirliti með raforkumælum og það uppfært til samræmis við lagabreytingar og tækniþróun síðustu ára sem og neytendaverndarsjónarmið.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Hanna Björg Konráðsdóttir
Deildarstjóri Raforkueftirlits Orkustofnunar

Inga H. Jónsdóttir
Lögfræðingur á sviði raforkumála

Afrit sent til: Orku Náttúrunnar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Neytendastofu.